



## LÍF Í LUNDI - NORÐURLANDI 26. JÚNÍ 2021 SKÓGARSKOÐUN Í HAGA II



26. júní kl. 15:00 að Haga II í Aðaldal

Skógræktarfélag Suður Þingeyinga heldur aðalfund að Brekku laugardaginn 26. júní 2021 kl. 13:30. Venjuleg aðalfundarstörf. Að aðalfundi loknum verður haldið í skógarskoðun að Haga II í Aðaldal.

## PÖDDUR, PLÖNTUR OG FRÆÐSLA

26. júní kl. 10:00-12:00 í Garðsárreit, Eyjafjarðarsveit

Skógræktarfélag Eyfirðinga býður upp á pödduveiði, plöntutífnslu og skoðun með vísjám í Garðsárreit í Eyjafjarðarsveit. Brynhildur Bjarnadóttir fræðir.



Í ár eru 90 ár frá friðun birkisins í Þverárgili að tilstuðlan félagsins.

Bendum einnig á [www.skogargatt.is](http://www.skogargatt.is) þar sem verða upplýsingar um viðburði í skógum á landsvísi þennan dag.

Nánari upplýsingar á facebooksíðum félaganna

---

## NÆSTU RUSLADAGAR

- 24. júní - Almenn/lífrænt sorp
  - 8. júlí - Endurvinnsla og almenn/lífrænt sorp
- 

Ströndungur kemur næst út fimmtudaginn 15. júní.

Skilafrestur er til kl. 15:00 þriðjudaginn 14. júní.

Efni sendist á [sandra.einars@gmail.com](mailto:sandra.einars@gmail.com)

# ÚTISKÓLI AÐ SUMRI



Útiskólinn er hugsaður sem ævintýraleiðangur fyrir börn í 1.-4. bekk, um umhverfi okkar og náttúruna hér á Svalbarðsströnd. Börn sem fædd eru árið 2015 eru velkomin en forráðamenn þurfa að fylgja þeim í Útiskólann.

Skólinn fer fram þrjá daga í viku í júní og júlí milli klukkan 13:00 og 16:15. Ef dagskrá breytist er það auglýst sérstaklega. Börn koma klædd eftir veðri og hafa með sér nesti. Gert er ráð fyrir að hvert námskeið

standi yfir í eina viku (þrjá daga). Sumarnámskeið Húlladúllunnar er fimm daga námskeið og er í boði fyrir aldurshópana 6-9 ára og 10 ára og eldri.

Við hittumst í Valsárskóla, borðum nestið okkar í leiðangrinum og ljúkum ævintýraleiðöngurum í Valsárskóla, nema annað sé tilkynnt. Dagskrá getur breyst eftir veðri.

Námskeið sumarsins:

SKAPANDI SAMVERA

SKÓLAGARÐAR

SMÍÐANÁMSKEIÐ OG VEIÐI

SKÁTANÁMSKEIÐ

LEIKJANÁMSKEIÐ

ÍPRÓTTASKÓLI

FRISBÍNÁMSKEIÐ

ÁLFAR OG HULDUFÓLK

SUMARNÁMSKEIÐ HÚLLADÚLLU

HÚLLAHRINGJAGERÐARSMÍÐJA

ÚTISKÓLI AÐ SUMRI

HJÓLANÁMSKEIÐ

VIÐGERÐIR HJÓLA OG SKOÐUN

SUMARLESTUR

Skrá þarf á námskeiðin og við óskum eftir því að forráðamenn skrái börn í síðasta lagi viku áður en farið er. Við þurfum t.d. að vita hversu stóra rútu þarf eða hvort við þurfum að fjölga starfsmönnum og því gott að þið pantið eins fljótt og hægt er.



Skráning, upplýsingar um einstök námskeið og verð má finna á heimasíðu hreppsins [www.svalbardsstrond.is](http://www.svalbardsstrond.is).